



## Fundur í sveitarstjórn

**56. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Þórsveri fimmtudaginn 15. desember 2016 og hófst kl 17:00.**

**Mætt voru:** Reynir Atli Jónsson oddviti, Halldór Stefánsson, Þorsteinn Ægir Egilsson, Heiðrún Óladóttir, Karl Ásberg Steinsson, Björn Guðmundur Björnsson, Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson og Svala Sævarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti óskaði eftir að liður 13 á dagskrá yrði tekinn út, og að í stað hans komi nýr liður sem nefnist bruni Grillskálans á Þórshöfn. Einnig óskar oddviti eftir að bæta lið á dagskrá sem nefnist Grunnskólar Langanesbyggðar sameining og verði hann nr. 22 á dagskrá, aðrir liðir færast aftar sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

### Dagskrá:

1. Fundargerð 844. fundar stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga, dags. 25. nóvember 2016.
2. Fundargerð 30. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 24. nóvember 2016.
3. Fundargerð 390. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands
4. Fundargerð 25. fundar Fræðslunefndar Langanesbyggðar, dags. 22. nóvember 2016.
5. Innsent erindi – Kvænnaathvarfið, ósk um rekstrarstyrk 2017.
6. Innsent erindi – Aflið Akureyri, ósk um fjárstuðning –.
7. Innsent erindi – Landssamtökin Þroskahjálpi - Húsnæðisáætlanir, stofnframlög og skyldur sveitarfélaga gagnvart fötluðu fólki.
8. Samstarfssamningur Þekkingarnets Þingeyinga og Langanesbyggðar – Ársyfirlit 2016.
9. Menningarmiðstöð Þingeyinga – Fjárhagsáætlun 2017
10. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála – úrskurður vegna kæru vegna tímabundinnar undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstað við Bakkafjörð í Langanesbyggð.
11. Lögmenn Höfðabakka f.h. Navitas ehf, úrskurður Úrskurðarnefndar um upplýsingamál.
12. Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra – ósk um umsögn um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistingar. Brekkustígur 4, Navitas ehf.
13. Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra – ósk um umsögn um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistingar. Brekknakot, Haraldur Páll Guðmundsson.
14. Ljósleiðaravæðing Langanesbyggðar
15. Lánasamningur milli Lánasjóðs sveitarfélaga og Langanesbyggðar
16. Útsvar í Langanesbyggð 2017
17. Álagning gjalda 2017, gjaldskrár Langanesbyggðar
18. Gjaldskrár grunn- og leikskóla 2017



## LANGANESBYGGÐ

19. Gjaldskrá Langaneshafna 2017
20. Samþykktir fyrir gatnagerðargjöld, stofngjald fráveitu, byggingaleyfisgjöld, gjöld fyrir skipulagsvinnu, afgreiðslu, þjónustugjöld og gjaldskrá vatnsveitu.
21. Gjaldskrár ýmissa stofnanna
  - a. Hunda og kattahald í Langanesbyggð
  - b. Félagsheimilið Þórsver
  - c. Geymslusvæði á Þórshöfn
  - d. Slökkvilið Langanesbyggðar
22. Fjárhagsáætlun 2017, seinni umræða
23. Fjárhagsáætlun 2017 – 2020, seinni umræða
24. Fjárfestingaráætlun 2017
25. Næsti fundur sveitarstjórnar og drög að fundarplani 2017
26. Fyrirspurn frá U-lista – Grunnskólinn á Þórshöfn, staða framkvæmda
  - a. Hver er staðan á kostnaðinum við verkið núna
  - b. Hver er áætlaður loka kostnaður við verkið
  - c. Hvað er áætlaður lokakostnaður við verkið með loftræstikerfinu
  - d. Hvenær er áætlað að verklok verði
27. Skýrsla sveitarstjóra.

### Fundargerð:

**1. Fundargerð 844. fundar stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga, dags. 25. nóvember 2016.**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**2. Fundargerð 30. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 24. nóvember 2016.**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**3. Fundargerð 390. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**4. Fundargerð 25. fundar Fræðslunefndar Langanesbyggðar, dags. 22. nóvember 2016.**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**5. Innsent erindi – Kvænnaathvarfið, ósk um rekstrarstyrk 2017.**

Fram er lagt bréf Samtaka um kvænnaathvarf, efni bréfsins er ósk um fjárframlag til starfssemi samtakanna.

**Bókun:** Sveitarstjórn Langanesbyggðar hafnar erindinu.

Samþykkt samhljóða.



## LANGANESBYGGÐ

### 6. Innsent erindi – Aflið Akureyri, ósk um fjárstuðning.

Fram er lagt tölvubréf og ársskýrsla Aflsins á Akureyri, efni bréfsins er ósk um 70.000,- kr. fjárframlag til starfssemi samtakanna.

**Bókun:** Sveitarstjórn Langanesbyggðar hafnar erindinu.

Samþykkt með 6 atkvæðum Karl Ásberg situr hjá.

### 7. Innsent erindi – Landssamtökin Þroskahjálpar - Húsnæðisáætlanir, stofnframlög og skyldur sveitarfélaga gagnvart fötluðu fólki.

Lagt er fram til kynningar bréf Landssamtaka Þroskahjálpar, efni bréfsins er brýning til handa sveitarstjórn varðandi húsnæðisúrræði fyrir fatlaða. Bréfið er sent á öll sveitarfélög.

### 8. Samstarfssamningur Þekkingarnets Þingeyinga og Langanesbyggðar – Ársyfirlit 2016.

Fram er lagt ársyfirlit verkefna sem unnin hafa verið undir samstarfssamningi Þekkingarnets Þingeyinga og Langanesbyggðar.

**Bókun:** Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju sinni með framgang samstarfssamningsins.

Samþykkt samhljóða

### 9. Menningarmiðstöð Þingeyinga – Fjárhagsáætlun 2017

Fram er lögð fjárhagsáætlun Menningarmiðstöðvar Þingeyinga 2017 ásamt starfsáætlun.

**Bókun:** Sveitarstjórn samþykkir framlagða fjárhags- og starfsáætlun.

Samþykkt samhljóða

### 10. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála – úrskurður vegna kæru vegna tímabundinnar undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstað við Bakkafjörð í Langanesbyggð.

Fram er lagður til kynningar úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna kæru er sneri að veitingu á tímabundinni undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstað við Bakkafjörð.

Niðurstaða úrskurðarnefndar er að vísa málinu frá enda hafi hún ekki réttarheimild til endurskoðunar á hinni kærðu ákvörðun ráðherra. Til máls tóku Karl Ásberg og Elías.

### 11. Lögmenn Höfðabakka f.h. Navitas ehf, úrskurður Úrskurðarnefndar um upplýsingamál.



## LANGANESBYGGÐ

Fram er lagt bréf Lögmannna Höfðabakka er varðar úrskurð Úrskurðarnefndar upplýsingamála um kröfu Navitas ehf. um afhendingu allra gagna er tengjast svokölluðu Finnafjarðarverkefni. Einnig er framlagður úrskurður nefndarinnar.

Sveitarstjóri hefur falið lögfræðingi sveitarfélagsins að taka saman þau gögn er úrskurðurinn nær til og verða þau lögð fram til kynningar og afgreiðslu á næsta fundi sveitarstjórnar. Til máls tóku Siggeir og Elías.

### **12. Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra – ósk um umsögn um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistingar. Brekkustígur 4, Navitas ehf.**

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur óskað eftir umsögn um umsókn um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II að Brekkustíg 4. Bakkafirði.

**Bókun:** Sveitarstjórn Langanesbyggðar vísar erindinu til Atvinnu- og ferðamála-nefndar og Umhverfis- og skipulagsnefndar til umsagnar.

Samþykkt samhljóða.

### **13. Bruni Grillskálans á Þórshöfn.**

**Bókun:** Sveitarstjórn Langanesbyggðar vill koma á framfæri þökkum til allra þeirra er komu að slökkvistarfi og björgunaraðgerðum þann 13 desember síðastliðinn þegar Grillskálinn á Þórshöfn brann. Einnig vill sveitarstjórn koma þeim óskum á framfæri við N1 að skálinn verði endurbyggður hið fyrsta. Sveitarstjóra falið að ræða við forsvarsmenn N1.

Samþykkt með 4 atkvæðum Siggeir, Björn Guðmundur og Karl Ásberg sitja hjá.

### **14. Ljósleiðaravæðing Langanesbyggðar**

Sveitarstjóri lagði fram og fór yfir minnisblað dags 12. desember, skýrslu EFLU dags 25. október og fleiri gögn. Í minnisblaðinu sem samið er í samræmi við bókun á 54. fundi sveitarstjórnar, er farið yfir helstu atriði skýrslu varðandi ljósleiðaravæðingu Langanesbyggðar. Lagt er til að auglýst verði eftir áformum markaðsaðila í samræmi við reglur þar um og að í framhaldinu verði sótt um styrk til ljósleiðaravæðingar.

**Bókun:** Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna málið áfram í samræmi við ofangreint.

Samþykkt með 4 atkvæðum Siggeir, Björn Guðmundur og Karl Ásberg sitja hjá.

### **15. Lánasamningur milli Lánasjóðs sveitarfélaga og Langanesbyggðar**

Fram er lagður lánasamningur nr. 1611\_53 milli Lánasjóðs sveitarfélaga og Langanesbyggðar í samræmi við bókun undir lið 11 á 55 fundi sveitarstjórnar. Til máls tóku Karl Ásberg og Elías.

**Bókun:** Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir hér með lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 69.000.000 kr., Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið



## LANGANESBYGGÐ

tekið til að fjármagna viðhald á fasteignum eignasjóðs, það er Grunnskólanum á Þórshöfn sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Elíasi Péturssyni, sveitarstjóra kt. 130665-3739, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. sveitarstjórnar Langanesbyggðar að undirrita lánsamninga við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Samþykkt með 4 atkvæðum, Siggeir, Björn Guðmundur og Karl Ásberg sitja hjá.

### 16. Útsvar í Langanesbyggð 2017

Lagt til að útsvarsprósenta verði óbreytt frá fyrra ári eða 14,52%

Samþykkt samhljóða.

### 17. Álagning gjalda 2017, gjaldskrár Langanesbyggðar

Lagt til að álagning gjalda fyrir árið 2017 verði eftirfarandi

#### A. Gjaldskrá fasteignagjalda

- Fasteignaskattur A - Íbúðarhúsnæði og bújarðir eru 0,625% af heildarálagningarstofni.
  - Fasteignaskattur B - Sjúkrastofnanir, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttarhús og bókasöfn eru 1,32 % af heildarálagningarstofni.
  - Fasteignaskattur C - Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði eru 1,65% af heildarálagningarstofni.
- Samþykkt samhljóða.

#### B. Lóðarleiga

- Lóðarleiga A - lóðarleiga er 1,5% af fasteignamati lóða fyrir íbúðarhús.
  - Lóðarleiga B - lóðarleiga er 2,5% af fasteignamati lóða fyrir atvinnuhúsnæði og opinberra bygginga.
- Samþykkt samhljóða

#### C. Vatnsgjald

- A - Vatnsgjald er 0,30% af heildarálagningarstofni.
  - B - Aukavatnsgjald er kr. 36 pr. m<sup>3</sup> vatns.
- Samþykkt samhljóða

#### D. Fráveitugjald

- Fráveitugjald er 0,259% af heildarálagningarstofni.
- Samþykkt samhljóða

#### E. Sorphreinsunargjöld

- Sorphreinsunargjald heimila kr. 20.900,- á íbúð.
  - Sorpeyðingargjald heimila kr. 20.900,- á íbúð.
- Samþykkt samhljóða.



## LANGANESBYGGÐ

Fjöldi gjalddaga er almennt 8, sá fyrsti 1. febrúar og sá síðasti 1. september. Ef heildargjöld greiðanda eru undir kr. 20.000 þá er einungis einn gjalddagi 1. febrúar

Eindagi fasteignagjalda er 30 dögum eftir gjalddaga. Ef fasteignagjöld eru ennþá ógreidd mánuði eftir eindaga verða þau send í innheimtu.

Undanþáguákvæði og afslættir vegna álagninga gjalda 2017 standa óbreytt frá árinu 2016.

Samþykkt samhljóða

### 18. Gjaldskrár grunn- og leikskóla 2017

#### Tónlistarskóli

Gildir frá 1. janúar 2017

Gjaldskrá Tónlistarskóla Þórshafnar er 36.802 krónur hver önn og skal innheimtast í upphafi annar.

#### Skólamötuneyti

Gildir frá 1. janúar 2017

Hver máltíð kostar 559 krónur fyrir nemendur á grunnskólum Langanesbyggðar og skal gjaldið innheimtast mánaðarlega.

Hver máltíð kostar 863 krónur fyrir aðra sem sækja mötuneytið og skal gjaldið innheimtast mánaðarlega.

#### Gjaldskrá leikskóla Langanesbyggðar, Barnabóls á Þórshöfn

Gildir frá 1. janúar 2017

##### a. Leikskólagjald:

Fjöldi tíma	Almennt gjald	25% afsl. m. 2. barni og einst. foreldrar	50% afsl. m. 3. barni
4 tímar	11.909	8.931	5.954
5 tímar	14.886	11.164	7.443
6 tímar	17.863	13.397	8.931
7 tímar	20.841	15.631	10.421
8 tímar	23.818	17.864	11.909
9 tímar	26.795	20.097	13.398



## LANGANESBYGGÐ

### b. Fæðisgjald:

	Máltíð	Gjald á mánuði
Morgunverður	109	2.168
Hádegisverður	291	5.825
Síðdegishressing	109	2.168

### c. Önnur gjöld:

¼ gjald 1.264 krónur/barn á mánuði

½ gjald 2.370 krónur/barn á mánuði

- Afslættir reiknast einungis af leikskólagjaldi en ekki öðrum gjöldum.
- ¼ gjald miðast við hvert korter – ½ gjald miðast við hverjar 30 mínútur

Samþykkt samhljóða

## 19. Gjaldskrá Langaneshafna 2017

Fram er lög endurskoðuð gjaldskrá Langaneshafna, gjaldskrá var endurskoðuð í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar á 55. fundi sínum þann 24.11 2016. krónuliðir gjaldskrár eru hækkaðir um vænta verðlagsþróun 2017 eða 3,9%. Aðrir liðir eru óbreyttir.

Gjaldskrá borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að birta.

## 20. Samþykktir fyrir gatnagerðargjöld, stofngjald fráveitu, byggingaleyfisgjöld, gjöld fyrir skipulagsvinnu, afgreiðslu, þjónustugjöld og gjaldskrá vatnsveitu.

Fram eru lagðar endurskoðaðar samþykktir fyrir gatnagerðargjöld og tengd gjöld, endurskoðun fól í sér uppreikning gjalda í samræmi við bókun sveitarstjórnar á 55. fundi sínum þann 24.11.2016. krónuliðir gjaldskrár eru hækkaðir um verðalagsþróun frá fyrstu áramótum eftir samþykkt. Hlutfallsliðir sem og allt efni samþykta er óbreytt.

Breyting á gjöldum í samþykkt um gatnagerðargjöld, stofngjald fráveitu, byggingaleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu, afgreiðslu, þjónustugjöld og gjaldskrá vatnsveitu Langanesbyggðar borin upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að birta.

## 21. Gjaldskrár ýmissa stofnana

Lagðar fram endurskoðaðar gjaldskrár í Langanesbyggð. Gjaldskrár voru endurskoðaðar í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar á 55. fundi sínum þann 24.11 2016. krónuliðir gjaldskráa eru hækkaðir um verðalagsþróun frá áramótum eftir



## LANGANESBYGGÐ

Samþykkt. Annað efni reglna og eða gjaldskráa er óbreytt.

- a. Hunda og kattahald í Langanesbyggð
- b. Félagsheimilið Þórsver
- c. Geymslusvæði á Þórshöfn
- d. Slökkvilið Langanesbyggðar

Samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að birta.

### 22. Grunnskólar Langanesbyggðar - sameining.

Lagt er fram minnisblað Ingvars Sigurgeirssonar dags 7. desember 2016

Í minnisblaðinu er staða skólastarfs á Bakkafirði reifuð og farið yfir þann vanda sem til er kominn og fyrirsjáanleg fækkun nemenda hefur í för með sér. Á yfirstandandi skólaári eru 7 nemendur við skólann og er aldursdreifing eftirfarandi 2 nemendur í 6. bekk, 1 nemandi í 7. bekk, 2 nemendur í 8. bekk, 2 nemendur í 10. bekk. Á næsta skólaári lítur út fyrir að nemendur verði að hámarki 5. Staðan nú er sú að allir nemendur við Grunnskólann á Bakkafirði nema 3 eiga styttra að sækja skóla til Þórshafnar en Bakkafjarðar.

Fram kemur í minnisblaði Ingvars Sigurgeirssonar að vandi sé að halda uppi faglegu skólastarfi í svo fámennum skóla. Undir það tekur fræðslunefnd Langanesbyggðar í umfjöllun sinni um minnisblaðið. Telur fræðslunefnd farsælast að sameina skólastofnanirnar í eina, einnig telur fræðslunefnd farsælast að öll börn sækji skóla á Þórshöfn frá og með næsta hausti.

**Bókun:** Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að sameina grunnskóla sveitarfélagsins undir merkjum Grunnskóla Langanesbyggðar frá og með upphafi næsta skólaárs. Sveitarstjóra og fræðslunefnd falið að vinna að umræddri breytingu og öðru því er að málinu snýr. Sveitarstjórn leggur áherslu á að vandað verði til verka og leitað verði eftir fagaðstoð eins og þurfa þykir og að sveitarstjórn verði upplýst mjög reglulega um gang mála.

Til máls tóku Siggeir og Elías. Siggeir bað um fundarhlé. Fundur settur að nýju.

Samþykkt samhljóða

### 23. Fjárhagsáætlun 2017, seinni umræða

Fram er lögð fjárhagsáætlun vegna 2017 eftir verklagi og forsendum sem áður hafa verið kynntar.

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2017 eru útsvar, skatttekjur og fasteignaskattar sveitarfélagsins áætlaðar 255,6 milljónir kr., framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga áætlaðar 201,5 milljónir kr., og aðrar tekjur áætlaðar 348 milljónir kr. Samtals eru tekjur áætlaðar 805 milljónir kr. Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins og stofnana þess verði 416,5 milljónir kr. eða sem svarar 51,7% af heildartekjum þess. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður 243 milljónir kr. afskriftir eru áætlaðar 55,3 milljónir kr.

Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða er áætluð jákvæð upp á 90,8 milljónir kr.





## LANGANESBYGGÐ

fjármagnsgjöld eru áætluð 46,9 milljónir kr. Rekstrarniðurstaða ársins er áætluð jákvæð að upphæð 43,9 milljónir kr.

Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði jákvætt um 109,2 milljónir kr. sem er 13,6% af heildartekjum. Handbært fé í árslok er áætlað 121,5 milljónir kr.

Til máls tóku Siggeir, Karl Ásberg, Reynir Atli og Elías. Siggeir bað um fundarhlé. Fundur settur á ný.

**Bókun:** Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir framlagða fjárhagsáætlun. U-Listinn samþykkir fjárhagsáætlunina en setur fyrirvara við launakostnað og að fjárveitingu til skólans verði sniðinn of þröngur stakkur.

Reynir Atli bað um fundarhlé. Fundur settur á ný.

### 24. Fjárhagsáætlun 2018 – 2020, seinni umræða

Fjárhagsáætlun 2018-2020 tekin til umræðu. Þriggja ára áætlun byggir á eftirfarandi forsendum fengnum m.a. úr þjóðhagssþá.

Liður	Viðmið	2018	2019	2020
Skatttekjur	Launavísitala	5,8%	5,3%	4,5%
Jöfnunarsjóður	Launavísitala	5,8%	5,3%	4,5%
Aðrar tekjur	Neysluverðsvísitala	3,5%	2,8%	2,6%
Laun	Launavísitala	5,8%	5,3%	4,5%
Annar rekstrarkostnaður	Neysluverðsvísitala	3,5%	2,8%	2,6%
Verðbætur á lán	Neysluverðsvísitala	3,5%	2,8%	2,6%

Fjárhagsáætlun 2018 til 2020 borin upp og samþykkt samhljóða.

### 25. Fjárfestingaráætlun 2017

Fram er lögð fjárfestingaráætlun vegna 2017, um er að ræða yfirlit yfir áætlaðar fjárfestingar eignasjóðs og yfirlit yfir áætlaðar fjárfestingar einstakra stofnana í búnaði.

Til máls tóku Elías og Siggeir.

Fjárfestingaráætlun borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

### 26. Næsti fundur sveitarstjórnar og drög að fundarplani 2017

Lagt er fram til kynningar fundarplan vegna ársins 2017, fundarplanið verður afgreitt á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar sem haldinn verður þann 12 janúar 2017.

**Tillaga frá U-Listanum.** U-Listinn telur að hafa fundi einungis á þriggja vikna fresti hafi komið illa út og leggur til að breytt verði aftur til fyrra horfs, að fundað verði í sveitarstjórn á tveggja vikna fresti.

Reynir Atli bað um fundarhlé. Fundur settur á ný.

Tillaga U-Listans borin undir atkvæði. Tillagan var felld. Á móti voru Halldór, Heiðrún, Reynir og Þorsteinn, með voru Siggeir, Björn Guðmundur og Karl Ásberg.



## 27. Fyrirspurn frá U-lista – Grunnskólinn á Þórshöfn, staða framkvæmda

- Hver er staðan á kostnaðinum við verkið núna?
- Hver er áætlaður lokakostnaður við verkið?
- Hver er áætlaður lokakostnaður við verkið með loftræstikerfinu?
- Hvenær er áætlað að verklok verði?

Sveitarstjóri fór yfir spurningar U-lista og svaraði þeim munnlega þar sem ekki vannst tími til að taka saman gögn. Þegar gögn liggja fyrir þá munu þau verða send á kjörna fulltrúa.

### Greinagerð frá U listanum vegna framkvæmda við Grunnskólann á Þórshöfn.

Fyrri part árs 2016 kom í ljós myglusveppasýking í húsnæði GP. Alveg frá þeim tíma hefur U listinn lagt mikla áherslu á að brugðist yrði við vandanum á réttan hátt. Á fundi sveitarstjórnar þann 14. apríl lýsti U-listinn óánægju sinni með að hafa ekkert verið upplýst um gang mála varðandi viðhald Grunnskólans á Þórshöfn frá fundi sveitarstjórnar þann 17 mars.

Fulltrúum U-listans var aldrei boðið á á vinnufundi um verkefnið né að hitta þá aðila sem komu að því. U-listinn hafði enga aðkomu að hverjir voru valdir til verksins né hvernig því var stjórnað. Ekki voru bornar undir sveitarstjórn ákvarðanir um auknar framkvæmdir eða breytingar á framkvæmdum frá þeirri áætlun sem kynnt var um vorið.

Á fundi sveitarstjórnar þann 9. júní sl. lýsti U-listinn yfir vantrausti á sveitarstjóra. Að mati U-listans þá var sveitarstjóra ekki treystandi til að leiða þau verkefni sem framundan voru hjá sveitarfélaginu.

Á fundi sveitarstjórnar 12. ágúst sl. sagði sveitarstjóri að verkið myndi standast áætlun sem var 71,2 milljónir króna. Nokkrum vikum seinna kom í ljós að verkið mun kosta um 140 milljónir króna

Sveitarstjóri hafði ekki leyfi til þess að fara fram úr kostnaðaraætlun vegna verkefnisins án þess að bera það undir sveitarstjórn. Það var ekki gert fyrr en á fundi sveitarstjórnar þann 26. september. Þá var lofað gögnum um lánamál á næsta fundi en kom ekki fyrr en tæpum tveimur mánuðum seinna.

Þetta, ásamt öðrum upplýsingum sem U-listinn hefur aflað sér, sýna að stjórnun, undirbúningur, eftirlit og skipulag hefur ekki verið í lagi.

U-listinn telur að hér hafi illa verið farið með fé sveitarfélagsins og þó að fjárhagsleg staða Langanesbyggðar hafi sjaldan verið eins góð og núna þá liggja fyrir mörg mikilvæg og kostnaðarsöm verkefni

Það hefur kostað baráttu að koma sveitarsjóði í þá aðstöðu sem hann er í og standa vonir U-listans til þess að þær geti gert sveitarfélaginu kleift að byggja nýjan leikskóla við núverandi grunnskóla. Umgegni um sjóði sveitarfélagsins, eins og lýst er hér að framan, hjálpar ekki til í þeim efnum.

U-listinn ítrekar að það var mat fulltrúa listans að brýn nauðsyn væri á því að fara í endurbætur á húsnæði grunnskólans og útrýma þeirri óværu sem var í skólanum. U-listinn hinsvegar harmar stjórnun og skipulag verksins.



## LANGANESBYGGÐ

Reynir Atli bað um fundarhlé. Fundur settur á ný.

**Bókun frá meirihluta.** Þar sem þessi greinargerð er löng og efnismikil og barst ekki fyrir fund þá mun meirihluti sveitarstjórnar svara þessari greinargerð á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar.

### 28. Skýrsla sveitarstjóra.

Að frátöldum þeim verkefnum sem tengjast dagskrárliðum hér að ofan þá hefur sveitarstjóri átt í samskiptum við Vegagerð vegna lélegs og hættulegs ástands tengivega og afleggjara í sveitarfélaginu en mætt litlum skilningi. Sveitarstjóri hefur átt í samskiptum við Innanríkisráðuneytið vegna framtíðar innanlandsflugs til Þórshafnar og mun funda með ráðuneytinu vegna þess. Sveitarstjóri hefur átt í samskiptum við ýmsa til að leita leiða varðandi aðstoð sveitarfélaginu til handa vegna mikils kostnaðar við endurbætur á húsnaði Grunnskóla Þórshafnar. Sveitarstjóri hefur átt í samskiptum við Byggðastofnun vegna uppgjors á fyrsta úthlutunartímabili sértæks byggðakvóta. Öllum sértækum byggðakvóta var úthlutað en tilfærsla var á milli teyma í samningnum. Og að síðustu í þessari upptalningu þá hefur sveitarstjóri átt í samskiptum við forsvarsmenn N1 vegna bruna hér á Þórshöfn í vikunni.

Til máls tóku Siggeir og Karl Ásberg.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 19.25